

Alheimsfriðarsáttmálinn á íslensku

Alheimsfriðarsáttmálinn

Friður er önd andans sem í okkur býr. Hann stígur upp úr djúpum okkar til að endurnæra, græða og hvetja til dáða.

Friður er meðfæddur réttur okkar. Eilíf nærvera hans er fyrir hendi innra með okkur sem minning um hvaðan við komum og sem hugsýn af því markmiði sem við þráum að ná.

Heimur okkar er að breytast. Í þúsundir ára höfum við ígrundað, rökrætt og iðkað hugmyndina um frið. Þó brestur okkur getu til að halda friðinn. Til að hefja okkur yfir takmörk hugsunar okkar þurfum við að kannast við að friður snýst um fleira en að stöðva átök. Til að friður geti færst yfir heimsbyggðina verðum við að gera okkur ljóst, eins og hinir miklu heimspekingar og leiðtogar á undan okkur, að allar manneskjur þrá frið. Við göngumst hér með við þessum sannleika sem er algildur. Nú verður mannkynið að beina þrá sinni í farveg sem leiðir til friðar.

Við staðhæfum að tími hugmyndarinnar um frið er runninn upp. Við heitum á mannkynið að standa sameinað og bregðast við þörfinni fyrir frið. Við heitum á sérhvern einstakling að skapa og rækta sína persónulegu friðarsýn. Við heitum á sérhverja fjölskyldu að stuðla að og næra frið innan veggja heimilisins. Við heitum á sérhverja þjóð að hvetja til og styðja frið meðal þegna sinna. Við heitum á sérhvern leiðtoga, hvort heldur er á heimili, í helgidómi eða á vinnustað, að vera lifandi fordæmi friðar því að einungis með þessum hætti getum við vænst þess að friður færist yfir heiminn.

Heimsfriður byrjar innra með okkur. Þar eð friður er afsprengi andans leitar hann tjáningar í gegnum huga, hjarta og líkama sérhvers einstaklings. Ríkistjórnir og lagasetningar geta ekki veitt hjartanu fró. Við þurfum að hefja okkur yfir hvaðeina sem aðskilur okkur. Með því að láta í té kærleika og virðingu, göfgi og huggun, munum við öðlast frið. Við lærum að elska náungann eins og sjálf okkur og færum heiminum þar með frið. Hér með heitum við að helga okkur þessu göfuga markmiði.

Friður er fyrst og fremst hugarástand. Friður veitir óviðjafnanlegt tækifæri til þroska og lærdóms sem leiðir til persónulegrar hamingju. Sjálfstjórn stuðlar að innri friði og leiðir þess vegna til ytri friðar. Við heitum að heila sjálf okkur í gegnum fyrirgefningu, þakklæti og bænir. Við heitum að gera sérhvern dag að uppfyllingu þeirra möguleika, mennskra og guðdómlegra, sem í okkur búa.

Friður er virkur, afl þagnar, trúar, sáttar og þjónustu. Hann verður ekki til í skjölum heldur í hugum og hjörtum karla og kvenna. Friður skapast í gegnum samskipti. Opið hugmyndaflæði er nauðsynlegt fyrir uppgötvanir, fyrir vellíðan, vöxt og framfarir, hvort heldur er innra með einum eða meðal margra. Við strengjum þess heit að tala af skynsemi og hlusta með rósemd, í báðum tilvikum fordómalaust. Þannig munum við komast að raun um að friður er frelsi í friðsæld.

Friður er fullnaður af þeim sem uppfylla hlutverk sitt í hinni stærri mynd. Friður og öryggi nást í samfélögum þar sem einstaklingar vinna náið saman í þágu heildarinnar. Friðsamleg sambúð þjóða endurspeglar stórkostlega innri friðsæld. Upplýst þjónusta í garð

náungans færir þeim frið sem þjónar og einnig hinum sem þjónað er. Við strengjum þess heit að lifa í friði og samþykkja sérhvern sannleika sem á við um okkur öll.

Að lifa í friði byrjar á að hugsa friðsamlega. Við stöndum á þröskuldi friðarfulls skilnings. Við komum saman, gjörvallt mannkyn, ung og aldin frá sérhverri menningu og öllum þjóðum. Við strengjum þess heit að standa saman sem þegnar jarðarinnar í vissu þess að við sérhverri spurningu er til svar og lausn á sérhverju viðfangsefni. Sem við stöndum sameinuð um sameiginlegt markmið, heitum við að helga okkur því í hugsun og verki svo að við megum upplifa kraft friðarins í lifanda lífi.

Friður sé með okkur allar götur. Megi friður ríkja á jörðu.